

Ávarp Jónasar Þórs Guðmundssonar, stjórnarformanns, á ársfundi í Eldborg Hörpu 05.05.2015 á 50. afmælisári Landsvirkjunar

Árangur og áskoranir í 50 ár

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarni Benediktsson, iðnaðarráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, innanríkisráðherra, Ólöf Nordal! Ágætu gestir!

Stofnun Landsvirkjunar árið 1965 var metnaðarfullt verkefni fyrir litla eyþjóð í Norður-Atlantshafi. Stofnun hennar og bygging Búrfellsvirkjunar - fyrstu virkjunarinnar sem fyrirtækið reisti - var mikilvægur þáttur í því að Íslendingar náðu efnahagslegu sjálfstæði.

Í upphafi 6. áratugar síðustu aldar var staða Íslands þröng í efnahagslegu tilliti. Rekin hafði verið hafta- og einangrunarstefna í kjölfar heimskreppunnar til þess að spara gjaldeyri. Að lokinni síðari heimsstyrjöldinni höfðu Íslendingar, eins og aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu, notið góðs af Marshall-aðstoðinni, enda alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir lítt virkir. Þeirri aðstoð var nú að ljúka. Íslendingar fengu þó í staðinn bein fjárframlög til framkvæmda frá Bandaríkjastjórn, en árið 1960 lýstu bandarísk stjórnvöld því yfir að dregið yrði úr þeim. Var það raunar í samræmi við vilja Viðreisnarstjórnarinnar sem tók við völdum árið áður, en hún hafði það markmið að endurheimta lánstraust þjóðarbúsins í útlöndum. Gjalddeyris- og innflutningshöft skyldu afnumin og stórfelld gengislækkun framkvæmd. Stefnt skyldi að eðlilegri þróun og vexti íslenskra framleiðslufyrirtækja svo og samkeppni og lægra vöruverði, ásamt hallalausum rekstri útflutningsframleiðslunnar og afnámi bóta- og styrkjakerfisins sem hún hafði búið við. Sköpuð skyldu skilyrði til erlendar fjárfestingar á Íslandi sem byggt gæti upp nýjar atvinnugreinar og aukið fjölbreytni útflutningsframleiðslunnar. Nýir lífnaðarhættir og lífskjarabreyting í kjölfar eftirstríðsáranna höfðu tekið við af fábreyttara þjóðfélagi og þeir kölluðu, ásamt fólksfjöldaþróun og þéttbýlismyndun, á stöðugt meiri rafmagnsnotkun. Nauðsynlegt var talið að auka hagvöxt, þar sem ekki þótti óhætt að treysta á vaxtarskilyrði landbúnaðar og sjávarútvegs til framtíðar. Orkufrekur iðnaður var talinn besta leiðin til þess að byggja upp nýja útflutningsatvinnugrein.

Um svipað leyti höfðu hafist athuganir sem leiddu að lokum til samninga um álver í Straumsvík og raforkusölu Landsvirkjunar frá Búrfellsvirkjun. Samningaviðræður stóriðjunefndar, sem þáverandi iðnaðarráðherra Bjarni Benediktsson skipaði árið 1961, og fyrirtækisins Alusuisse hófust formlega í Zürich í Sviss sama ár, og tveimur árum síðar voru teknar upp viðræður við Alþjóðabankann í Washington. Þær leiddu svo til þess, að í október 1964 barst bréf frá bankanum, þar sem kom fram að bygging Búrfellsvirkjunar væri mikil fjárfesting fyrir svo lítið hagkerfi sem Ísland væri, en með tilliti til væntanlegs efnahagslegs afraksturs teldi bankinn virkjunina réttlætlega út frá efnahagslegu sjónarmiði.

Lög um Landsvirkjun voru samþykkt á Alþingi í maímánuði árið 1965 og Landsvirkjun síðan stofnuð 1. júlí sama ár. Í fyrstu stjórn fyrirtækisins voru kosnir sjö menn. Alþingi kaus þrjá og Reykjavíkurborg, sem átti helming í fyrirtækinu á móti ríkissjóði, kaus aðra þrjá, en Sogsvirkjun Reykjavíkurborgar var látin renna inn í Landsvirkjun til að tryggja traustan rekstrargrundvöll fyrstu árin. Ríkisstjórnin og borgarstjórn skipuðu saman sjöunda manninn, stjórnarformanninn, Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, sem var einnig formaður stóriðjunefndar. Aðrir í stjórn voru lögmenirnir Árni Grétar Finnsson og Baldvin Jónsson, Sigtryggur Klemensson ráðuneytisstjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarfulltrúi, Geir Hallgrímsson borgarstjóri og Sigurður Thoroddsen verkfræðingur.

Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar var haldinn í salarkynnum Seðlabanka Íslands og var þar ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um starf framkvæmdastjóra fyrirtækisins, sem falið var að gera ráðstafanir vegna yfirtöku á undirbúningsframkvæmdum við Búrfellsvirkjun. Framkvæmdastjóri var ráðinn Eiríkur Briem, rafmagnsverkfræðingur og rafmagnsveitustjóri ríkisins.

Ágætu gestir!

Vatnsaflsvirkjunin við Búrfell var stærsta framkvæmd Íslandssögunnar á sínum tíma. Með byggingu hennar og stofnun Landsvirkjunar var lagður grunnur að nýjum iðnaði í landinu sem leiddi af sér aukna verkþekkingu og fjölbreyttara atvinnulíf á Íslandi. Draumur aldamótakynslóðarinnar um beislun náttúruaflanna til framfara og hagsældar fyrir þjóðina, sem birtist svo skírt í sýn athafnamannsins og skáldsins Einar Benediktssonar, var orðinn að veruleika.

Akureyrarbær eignaðist um 5% eignarhlut í Landsvirkjun árið 1983 við sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar, og minnkaði þá eignarhlutur Reykjavíkurborgar sem því nam í um 45% en ríkið átti áfram 50%. Fékk bærinn við það einn mann í stjórn Landsvirkjunar. Árið 2007 eignaðist ríkið eignarhluti Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar og er nú eini eigandi fyrirtækisins.

Í byrjun árs 2005 var flutningsstarfsemi Landsvirkjunar skilin frá fyrirtækinu og hlutafélagið Landsnet tók hana yfir. Starfsmenn Landsvirkjunar á flutningssviði, 68 talsins, fluttust til hins nýja fyrirtækis og fylgdu þeim flutningsvirki og stjórnstöð Landsvirkjunar. Landsnet er í dag dótturfélag Landsvirkjunar sem á í því um 65% hlut.

Í dag starfrækir Landsvirkjun 14 vatnsaflsstöðvar og tvær jarðvarmastöðvar á fimm starfssvæðum. Í byggingu er auk þess jarðvarmavirkjun á Þeistareykjum. Þá hafa tilraunir staðið yfir með tvær vindmyllur á Hafinu norðan við Búrfell frá því í árslok 2012. Hjá Landsvirkjun starfa í dag um 250 manns.

Saga Landsvirkjunar er svo nátengd og samofin atvinnu- og efnahagssögu þjóðarinnar, að ógleymdri umfjöllun um náttúru Íslands, að henni verða vitaskuld ekki gerð nema afar takmörkuð skil í stuttu ávarpi sem þessu. Ég leyfi mér því að vísa um söguna til bókarinnar *Landsvirkjun 1965-2005, fyrirtækið og umhverfi þess*, sem rituð var í tilefni 40 ára afmælis fyrirtækisins.

Hjá Landsvirkjun hefur alla tíð starfað afar hæft starfsfólk í margvíslegum störfum. Jafnan hefur verið mikil festa í mannahaldinu og allmargir starfsmenn hafa unnið stóran hluta starfsævi sinnar hjá fyrirtækinu. Hið sama má segja um stjórnendur fyrirtækisins. Fjórir menn hafa gegnt starfi forstjóra frá stofnun, Eiríkur Briem sem áður er getið í um 18 ár, Halldór Jónatansson lögfræðingur sem ráðinn var skrifstofustjóri við stofnun fyrirtækisins í um 15½ ár, Friðrik Sophusson alþingismaður og fyrrverandi fjármálaráðherra í tæp 11 ár og loks Hörður Arnarson frá nóvember 2009. Stjórnarmenn fyrirtækisins sátu einnig margir hverjir lengi, einkum framan af þegar kjörtímabil stjórnar voru lengri. Má í því sambandi nefna að stjórnarseta fjögurra af fyrstu sjö stjórnarmönnum telur samanlagt 118 ár. Ekki er að efa að þessi festa í stjórnun og mannahaldi hefur reynst fyrirtækinu farsæl.

Starfsfólki fyrirtækisins í gegnum tíðina - stjórnarmönnum, stjórnendum og starfsmönnum öllum - eru þökkuð framúrskarandi störf í þágu þess.

Ágætu gestir!

Jóhannes Nordal fyrrverandi seðlabankastjóri er hér með okkur í dag. Hann gegndi starfi stjórnarformanns Landsvirkjunar alla sína stjórnartíð, eða í heil 30 ár, en hann lét af störfum 30. júní árið 1995. Jóhannes er fæddur 11. maí árið 1924 og er því rétt tæplega 91 árs gamall. Hann var heiðraður af Landsvirkjun á 40 ára afmæli fyrirtækisins, enda var undir hans tryggu og löngu forystu lagður grunnur að því fyrirtæki sem Landsvirkjun síðar varð. Að öðrum ólöstuðum á hann mestan heiður skilinn fyrir störf fyrir Landsvirkjun. Ætla má að Jóhannes hafi snemma gert sér grein fyrir því, að grundvöllur framfara væri byggður á athafnasemi og framsýni. Í erindi á ársþingi iðnrekenda árið 1965 sagði hann til að mynda, að ef Íslendingar hefðu virkjað í Þjórsá á þriðja áratug aldarinnar, ættu þeir nú - og hér vitna ég orðrétt í Jóhannes: „ ... fullafskrifuð orkuver, er skiluðu hundruðum milljóna í hreinum tekjum á ári hverju, og síðast en ekki síst værum við búnir að eignast stétt sérfræðinga og vísindamanna, sem gerðu okkur kleift að standa jafnfætis öðrum í efnaiðnaði. Þessi hefur orðið þróunin í Noregi, á meðan stórflyót Íslands hafa runnið óbeisluð til sjávar. Sá tími, sem þannig hefur glatazt, verður ekki uninn upp að nýju, en þessi reynsla gæti orðið til þess, að menn hugsuðu sig vandlegar um en ella, ef enn á ný gefast tækifæri til þess að koma upp orkufrekum iðnaði hér á landi í stórum stíl.“ (Tilvitnun lýkur.) Við Íslendingar getum verið þakklátir fyrir þá framsýni, dug og þor, sem Jóhannes og samtíðarmenn hans sýndu á þessum árum, þegar Ísland byrjaði að fikra sig inn í framtíðina – hafið kæra þökk fyrir!

Til þess að sýna enn frekar þakklæti sitt hefur núverandi starfsfólk Landsvirkjunar ákveðið að afmarka reit til gróðursetningar við Búrfellsvirkjun á 50 ára afmælisdegi fyrirtækisins þann 1. júlí næstkomandi, og nefna hann Jóhannesarlund.

Ágætu gestir!

Nú er svo komið að Landsvirkjun hefur verið hreyfiafl framfara og verðmætasköpunar í landinu í um hálfu öld. Fyrirtækið og starfsfólk þess hefur

náð verulegum árangri til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag. Um leið hafa starfseminni fylgt áskoranir sem hefur þurft að mæta á hverjum tíma með framsækni og sem mestri sátt og jafnvægi milli efnahags, samfélags og umhverfis að leiðarljósi.

Í upphafi var tekin ákvörðun um að styðja við stóriðju á Íslandi. Það var stórt framfaraspor fyrir atvinnulífið og íslenskt samfélag í heild, eins og áður er vikið að. Fyrirtæki í orkumiklum iðnaði eru enn þann dag í dag burðarás í viðskiptavinahópi Landsvirkjunar. Lögð er áhersla á að hlúa að þessum þætti í starfsemi Landsvirkjunar, styðja við samkeppnishæfni viðskiptavinnanna og gera þeim kleift að vaxa og dafna.

Markmið þeirra sem stýrt hafa Landsvirkjun hverju sinni hefur ávallt verið að ná sem bestum árangri í ljósi aðstæðna á hverjum tíma. Markmiðið er hið sama nú. Verðmæti orkulindanna eru mikil og fara vaxandi. Möguleikar til að ná auknum árangri fyrir íslenskt samfélag eru verulegir en þeim fylgja áfram áskoranir. Kröfur vegna umhverfismála og um vernd náttúru fara vaxandi og ber að gefa þeim gaum.

Landsvirkjun mun hér eftir sem hingað til kappkosta að vera í fararbroddi á sviði umhverfismála, leggja áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, styðja við rannsóknir á lífríki og lágmarka umhverfisáhrif í starfsemi fyrirtækisins. Framkvæmdir Landsvirkjunar hafa, eðlis síns vegna, óhjákvæmilega áhrif á umhverfið. Starfsfólk fyrirtækisins leggur mikinn metnað í að rannsaka, þekkja og vakta áhrifin, lágmarka þau neikvæðu og hámarka þau jákvæðu. Með stöðugum umbótum í rekstri, metnaði og vilja starfsfólks um allt land til að gera betur í dag en í gær, höfum við Íslendingar öðlast mikla þekkingu á auðlindum landsins og lífríki.

Áskoranir fyrirtækisins snúa ekki aðeins að umhverfinu og bættri umgengni við auðlindirnar. Eftirspurn eftir íslenskri raforku er nú orðin meiri en framboð og margar ólíkar iðngreinar sýna Íslandi aukinn áhuga. Ný viðskiptatækifæri gera Landsvirkjun kleift að breikka hóp viðskiptavina í þeim tilgangi að auka verðmætasköpun og arðsemi fyrir eigandann en ekki síður til þess að auka fjölbreytileika og draga þannig úr rekstraráhættu. Á sama tíma eru sterkar vísendingar um að raforkusala á erlenda markaði um sæstreng kunni að vera arðbær fyrir Ísland, auka orkuöryggi í landinu til langs tíma og bæta ábyrga nýtingu orkuauðlindanna. Landsvirkjun mun áfram leggja sitt af mörkum til að skoðað verði hvort þar séu fyrir hendi tækifæri sem vilji er til að nýta. Minnt skal á að umræður um sæstreng eru ekki nýjar af nálinni og áttu sér stað fyrir stofnun Landsvirkjunar, að því er talið er fyrst árið 1958. Þá má geta þess að þáverandi iðnaðarráðherra, Friðrik Sophusson, og Jóhannes Nordal áttu fund í London í ársbyrjun 1988 með orkumálaráðherra Bretlands og kynntu honum meðal annars frumrannsóknir Landsvirkjunar í þessum málum.

Í þessu samhengi er vert að minnast orða Jóhannesar Nordal sem rakin voru hér áðan, um framsýni Norðmanna. Við Íslendingar getum nú, eins og þá, litið til reynslu þessara frænda okkar síðustu ár. Þeir hafa fyrir þó nokkru síðan áttað sig á kostum þess að tengja raforkukerfi sitt við fleiri markaði með því meðal annars að

leggja lengsta sæstreng í heimi til Hollands. Þeir hafa auk þess þrjá sæstrengi á teikniborðinu – tvo til Bretlands og einn til Þýskalands, í þeim tilgangi að tryggja orkuöryggi, bæta ábyrga nýtingu auðlindanna í átt til sjálfbærrar þróunar og auka efnahagslega og samfélagslega hagsæld í Noregi. Full ástæða er fyrir okkur Íslendinga að skoða frekar með opnum huga kosti og ókosti þess að tengjast erlendum raforkumörkuðum með sæstreng.

Ágætu gestir!

Landsvirkjun er stærsta orkufyrirtæki landsins og gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Hlutverkið er í dag skilgreint þannig að í því felist að hámarka afrakstur þeirra orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Framtíðarsýn Landsvirkjunar er að vera framsækið raforkufyrirtæki á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Fyrirtækið starfar í alþjóðlegu umhverfi og ber sig saman við þau bestu sem vinna og selja orku. Mikilvægt er fyrir þjóðarhag að Íslendingum lánist að nýta auðlindir landsins af skynsemi. Í þeim efnum getum við byggt á sögunni. Frumkvöðlastarf og framkvæmdir fortíðar lögðu hornstein að þeim lífsgæðum sem við njótum í nútíð. Á sama hátt munu ákvarðanir og athafnir okkar í dag ráða miklu um lífsgæði komandi kynslóða. Við skulum sameinast um að vanda til verka, horfa langt fram á veginn og bíða uppskerunnar þolinmóð.

Ég þakka áheyrnina!